Námsgrein: Samfélagsgreinar 10. bekkur

Kennari: Harpa Ásgeirsdóttir

Tímafjöldi á viku: 2 klukkustundir

Kennsluaðferðir og skipulag: Leitast er við að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, þ.e. sjálfstæða vinnu nemenda, innlagnir frá kennara, umræður, hópavinnu, einstaklingsvinnu og framsögn. Unnið er samkvæmt aðferðum leiðsagnarmats sem þýðir að nemandinn fær með reglulegum og skipulegum hætti upplýsingar um hvernig hann er staddur í náminu. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að nemandi ber ábyrgð á sínu eigin námi.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Að virkja læsi nemenda í gegnum áhugasvið þeirra. Einnig er áhersla á fjölbreyttar lestraraðferðir og að allur lestur er viðurkenndur.
Sjálfbærni	Að nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt og læri að beita þeim björgum sem í boði eru í tungumálanámi, s.s. orðabækur á netinu, villuforrit og svo framvegis.
Heilbrigði og velferð	Að nemendur upplifi jákvætt andrúmsloft og læri að taka sjálfstæðar ákvarðanir í námi og verkefnavali út frá áhuga sínum.
Lýðræði og mannréttindi	Að nemendur verði með í ráðum þegar kemur að verkefnaskilum. Lögð er áhersla á að nemendur nýti styrkleika sína og þær leiðir sem henta hverju sinni.
Jafnrétti	Að öllum nemendum sé mætt á jafningjagrundvelli hverju sinni og komið sé til móts við alla nemendur hvað námsefni, verkefnaval o.fl. varðar.
Sköpun	Að nemendur fái tækifæri til að koma með hugmyndir af verkefnum og nýta sköpunarkraft sinn til fjölbreyttra verkefna.

Heimsmarkmiðin / Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna:



Nemendur skoða hvernig sjálfsmynd mótast af menningu, samfélagi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum. Þetta styður við gagnrýna hugsun, sjálfsþekkingu og færni til að taka þátt í fjölbreyttu samfélagi. Áhersla á hvernig einstaklingar mótast af umhverfi sínu gefur tækifæri til að ræða fjölbreytileika, fordóma, félagslega stöðu og mikilvægi þess að allir fái notið sín.



Aukinn jöfnuður - Nemendur velta fyrir sér stöðu einstaklinga, félagslegum aðstæðum og því hvernig samfélagið getur stuðlað að jöfnum tækifærum og þátttöku allra.

Friður og réttlæti - Nemendur læra um lýðræðislega þátttöku, hlutverk borgarans, samræðu og hvernig hægt er að hafa áhrif á samfélagið á ábyrgan hátt. Umfjöllun um stjórnmál, hugmyndafræði og samfélagsgerð tengist því að nemendur skilji hvernig samfélög eru skipulögð og hvernig borgarar geta tekið þátt í þeim.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
Sjálfsmyndin **Staða einstaklinga í samfélagi og fjölskyldu** **Samfélagið**	Á ferð um samfélagið Ertu? Efni á netinu	Nemandi getur: • útskýrt hvernig sjálfsmynd mótast af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum • gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar, • útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur	Áhersla er lögð á fjölbreytt og styðjandi námsmat sem mætir nemendum á mismunandi hátt. Námsmat felur í sér verkefnaskil, bæði munnleg verkefni og skrifleg en einnig skapandi verkefni.
Félagsmótun	Á ferð um samfélagið Efni á netinu	Nemandi getur: • útskýrt hvernig sjálfsmynd mótast af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum	

Mannréttindi **Jafnrétti** **Lýðræði**	Á ferð um samfélagið Efni á netinu	Nemandi getur: • þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu • útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi, • tekið ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu	Námsmat í samfélagsgreinum á sér stað í kjarnatímum samfélagsgreina og samþættingu námsgreina – Bland í Borgó
Stjórnmál	Á ferð um samfélagið Efni á netinu	Nemandi getur: • greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga,	
Fjölmiðlar	Á ferð um samfélagið Efni á netinu	Nemandi getur: • aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt	